11

Utnsjón:

Anrid Heíður Oddsdóttir D

Góður hvalreki á f jörur Kiarvalsstaða

margar þeirra haía aldrei sést
opinberlega áður. „Þaö má
segja að þetta sé nokkurs konar
dagbók um ákvebið timabil"
sagöi Aöalsteinn. „Hérna eru

„Þessar sýningar
eru gifurlegur hvalreki
á fjörur okkar" sagði
Aðalsteinn Ingólfsson,
listfræðingur, er við
hittum hann á Kjar-
valsstöðu m fyrir
skömmu, en þar á nú
að fara að opna tvær
sýningar.

< Vestursalnum hefur verið
skipt i tvo hluta. I öðrum helm-
ingnum gengst félagið Mynd-
kynning fyrir sýningu á „origin-
al" grafik eftir ýmsa listamenn,
Erró, Salvador Dali, Marc
Chagáll, Tapies, Miró, Picasso,
Vasarely og fleiri góða menn.
Um helmingur verkanna er eftir
Erró og er betta þvi stærsta
sýning hans i ellefu ár. Meðal
þeirra má nefna seriu af mynd-
um sem Erró gerði eftir fyrir-
mynd erlendra rekkjusiðabóka.

Inn I myndirnar fléttar hann
siðan vigvélar ýmiss konar.
Við rákumst nýlega á um-
sagnir nokkurra gagnrýnenda
um sýningu sem Erró hélt i
Paris árið 1960, þá 27 ára gam-
all. Einn þeirra, Alain
Jouffroy, hefur þetta um Erró
að segja: „Ferró,nafn sem
knýr að dyrum. Og það er spá
min, að þær opnist fljótlega á
gátt. Þá munu menn sjá hvað
stórvirkið, sem Ferró er byrjað-
ur á, er I raun og veru: innfjálg,

Tvær myndanna úr serlunni sem Erró gerði með erlendar rekkjusiðabækur að fyrirmynd.

Tilbrigði um Halldór Laxness.

viðfeðm og hríkaleg sýn á dag-
legt lif nútimamannsins svo
ekki sé fastar að orði kveðið, en
stefna verksins er of umfangs-
míkil til að unnt sér að lýsa
henni til nokkurrar hlitar i þess-
ari frásögu. Þó er ekki of
snemmt að rannsaka verk
Ferrós af gaumgæfni. Það knýr
til umsagna, krefst afstöðu hjá
áhor'fanda, lætur hann ekki i
friði, ögrar litilsvirðingu eða
kveikir bál."

Einkasafn Gunnars

heitins i Geysi til sýnis.
Hinumegiii i salnum sýna
Kjarvalsstaðir einkasafn Gunn-
ar heitins Sigurðssonar i Geysi.
Þetta eru málverk og teikningar
eftir tæplega tuttugu listamenn
sem voru upp á sitt besta á ár-
unum '45-'60, þar á meðal sept-
embermálarana. Myndirnar
eru i kringum niutiu talsins og

gamlar fágætar myndir eftir
Jóhannes Jóhannesson, ýmis
sjaldséð verk eftir Þorvald
Skúlason, litlar myndir eftir
Ninu Tryggvadóttur og svo
mættí lengi telja. Gunnar rak
Listvinasalinn á sinum tima, og
margir þessara málara voru
góðvinir hans. Ég tel að það sé
mjög fróðlegt fyrir ungt fólk að
sjá þessa sýningu, þvi að þessi
kafli i sögu islenskrar myndlist-
ar er nokkuð óljós og litt þekkt-
ur."

Grafiksýningin opnar i dag,
en sýningin á einkasafninu á
morgun. Þær standa báðar til
16. ágiist.

Brúðarskarf í Bogasal
Nýlega var opnuð sýning
„Brúðkaup og brúðarskart" I
Bogasalnum. Sýning þessi er
að stofni til deild tslands á sýn-
ingunni „Love and marriage,
Aspects of popular culture in
Europe", sem haldin var á
vegum Evrópuráðs í Antwerpen
sumarið 1975.
Dr. Selma Jónsdóttir, for-
stöðumaður Listasafns lslands,
Arni Björnsson og Elsa E.
Guðjónsson, safnverðir viö
Þjóðminjasafniö önnuðust
undirbúning þeirrar deildar
ásamt Jóhannesi Jóhannessyni
listmálara, sem teiknaði sýn-
ingardeildina ogsá um uppsetn-
ingu sýningargripa. Tilgangur-
inn með syningunni er að sögn
utnRiðnarmanna hennar aðgefa

kaupssiðabækur frá 17. og 18.
öld. *

Tveir karla báru mjað-
drekku á milli sin

Til er brúðkaupssiðabók eftir
Eggert Ólafsson lögmann og
lýsing á brúðkaupi Eggerts frá
1767 eftir séra Björn Halldórs-
son i Sauðlauksdal. Meginatriði
lýsingarinnar eru rakin i sýn-
ingarskrá og segir þar meðal
annars: „Þ.ann dag var drukkið
bóndaminni og þótti sú
„cerimonia" skemmtilegust og
nýstárlegust. Það minni var
drukkiö undir berum himni I
kirkjugarðinum i Reykjaholti....
Til bóndaminnis hafði verið
byrlaður sérstaklega mjöður og

, Leó gaf okkur þessa mynd til birtingar. Hann segir flesta véra sam-mála um að hún sé japiii.sk I listinni.

Nokkrir hlutanna sem nú eru til sýnis i Bogasainum.

dálitla hugmynd um brúðar-
skart — klæðnað og aðra hluti
sem tengdir voru brúökaupum á
Islandi áður fyrr, einkum á 17.
og 18. öld. Elstu sýningar-
gripirnir munu vera frá 16. öld.
Þeir eru flestir úr Þjóðminja-
safninu, en Stofnun Arna
Magnússonar lánaði handrit af
Jónsbók frá 16. öld og Lands-
bókasafnið tvö handrit, brúð-

mungát, grasaður og áfengur og
báru I garðinn tveir karlar
mjaðdrekku á milli sin. Flutti
siðamaður stutta ræöu fyrir
hjónunum og afhenti þeim
minnið, brúðguminn þakkaði og
tók sér fyrir stóra sæmd að
heita og vera ærlegur bóndi."
Sýningin verður opin fram i
september alla daga vikunnar
frá kl. 13.30-16.00.

„Ris dagur meðbirtu himnanna
að baki
bjarmi slær skugga og
skelfirmyrkur
mungátin morar af lifandi
vakning
hvi brestur þá bogfimi
augans að s já
að hér liggur hjarnklofíð
barn I lindarvatni.

Lifnar land
viö f jallabrún
loga dalir
engi og tún
af sólargliti
morgunroðans
ó, þú guö
sem hefur húm
að hurðum þess
er velur rúm
að m anns o g konu boga
ekki læt ég hjom og skúm
i arni minum loga."

Með þessum oröum heilsaði
Ljón norðursins, eða Leo Arna-
son eins og hann heitir réttu
nafni, blaðamanni Visis í stuttri
heimsókn upp á Mokka fyrir
skömmu.
Leó heldur þar sýningu um
þessar mundir og stendur hún
næstu tvær vikurnar. A sýning-

unni kennir margra grasa, þar
eru bæði oliumyndir, penna-
teikningar og tiissmyndir. Okk-
ur gafst þvi miður ekki tækifæri
til áð tala meira við Leó né

Þessar upplýsingar um Leó er
að fá á sýningunni.

smella af honum mynd, þvi aö
eftir aö hafa fariö með kvæðiö
var Ljónið hlaupiö af stað til
Selfoss til að reka þar einhverra
erinda.

Mungátin moraraf lifandi vakning"

SYNINGAR

Listasafn: Sýning á verkum i
eiguListasafnsinseftir marga
islenska listamenn.
Norræna húsið: Þrir lista-
menn sýna verk sin i boði Nor-
ræna hússins. Það eru þau
Ragnheiður JónsdóttirReam,
Hjörleifur Sigurðsson og
Snorri Sveinn Friöriksson.
Sýning á myndum og teikning-
um af gömlum islenskum torf-
bæjum.
Kjarv alsstaðir: Sporrong
grafik: Chagall, Dali, Taples
og Guðmundur Erró. Einka-
safn Gunnars heitins Sigurös-
sonar.

Forsalur Þjóðminjasafnsins:
§ Sýningin „Islenskar útsaums-
I gerðir" er opin frá kl. 13.30 til
í 16.00.
Mokka: Ljón norðursins
heldursýninguá .verkumsln- |
I um.

I Bogasalur: Sýningi n
| Brúðkaup og brúöarskart opin
I frá kl. 13.30-16.00.

BOLLIN
Hótel Saga: Galdrakarlar og
fleiri i Súlnasai á föstudag.
Opið i Lækjarhvammi og
Atthagasal. Hljómsveit Árna
fsleifs skemmtir i Súlnasal á
laugardag.
Glæsibær: Asar leika um
helgina.
Leikhúskjallarinn: Kjarnar
skemmta um helgina.
Sigtiin: Pónik og Einar
skemmta föstudags- og laug-
ardagskvöld. Drekar leika
fyrir gömlu dönsunum á
sunnudagskvöld.
Óðal: Diskótek.
Sesar: Diskótek.
Hótel Borg: Haukur Mortens
skemmtir um helgina.
Skiphóll: Hljómsveit Gunn-
laugs Pálssonar skemmtir um
helgina.
Tjarnarbúð: Eik skemmtir á
föstudag, Fresh á laugardag.
Röðull: Gaukar leika á föstu-
dags- og laugardagskvöld.
Klúbburinn: Hljómsveit Giss-
urar Geirssonar og Meyland
skemmta föstudag og laugar-
dag.